

AUGLÝSING

212

27. des.

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 18. des. 1961 og innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1961.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

213

28. des.

um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl.

1. gr.

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskírteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt því, er segir í 2. gr.

2. gr.

1. Útgáfa þjóðernis- og skrásetningarskírteina skipa 30 rúml. og stærri eða fyrir afrit þeirra eða endurnýjun	kr. 500.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu	— 600.00
3. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir skip undir 30 rúm.	— 300.00
4. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir opna báta	— 150.00
5. Einkaleyfi á skipsnafni	— 5000.00
6. Nafnbreyting á skipum	— 1000.00
7. Áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælibréf	— 250.00
8. Eftirlitsbók minni	— 100.00
9. Eftirlitsbók stærri	— 200.00
10. Fyrir mælingu á:	
a. Opnum bát	— 150.00
b. Skipum undir 30 rúmlestum brúttó	— 400.00
c. Skipum 30—100 rúmlestir brúttó 10.00 kr. rúml., minnsta gjald þó	— 600.00

213
28. des.

d. Skipum 100—200 rúmlestir brúttó 7 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	kr. 1000.00
e. Skipum 200—400 rúmlestir brúttó 5 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 1400.00
f. Skipum 400—1000 rúmlestir brúttó 2.50 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 2000.00
g. Skipum 1000—3000 rúmlestir brúttó 1.20 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 2500.00
h. Skipum 3000—5000 rúmlestir brúttó 0.80 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 3600.00
i. Skipum 5000 rúmlestir brúttó og stærri 0.50 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 4000.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 1961, um breyting á lögum nr. 17 1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, og öðlast gildi 1. janúar 1962.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1961.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

214

18. des.

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra bygginga, er teljast framtíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum byggingarsamþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaup-tún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd kýs tvo menn úr sínum hópi til þess að ráða byggingarfulltrúa í samvinnu við jafnmarga fulltrúa frá hverri samstarfssýslunanna, sem og í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins, til tveggja ára í senn, og skal hann vera byggingafræðingur eða húsasmíðameistari.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast að hálfu úr Byggingarsjóði og að hálfu af sýslusjóðum Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, meðan þessi sýslufélög hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa, í hlutfalli við íbúatölu þeirra